

Rangárþing eystra
b/t Guðmundur Úlfar Gíslason
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 21. október 2019
UST201910-127/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Skipihóll – Rangárþing eystra.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi eystra er barst 11. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að deiliskipulagi fyrir Skipihól í Rangárþingi eystra.


Í greinargerð kemur fram að tillagan nær til um 32,5 ha landspildu sem gerir ráð fyrir byggingareitum og aðkomuvegum. Í greinargerð kemur fram að innan byggingareits Í1 er heimilt að reisa allt að 150 m² íbúðarhús, 50 m² bílageymslu og 40 m² gestahús, innan byggingareita F1 og F2 er heimilt að byggja allt að 70 m² frístundahús auk 15 m² smáhýsi. Á byggingarreit Ú1 er heimilt að reisa allt að 1.000 m² hús fyrir hestatengda starfsemi eða aðra landbúnaðartengda starfsemi.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson
sérfræðingur



Björn Stefánsson
sérfræðingur